



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2020.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um bættu stjórnarsýslu í umgengismálum, þskj. 105, 104. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreind tillaga til þingsályktunar til umsagnar. Markmið þingsályktunarinnar er að staðið verði við skuldbindingar samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og til að gæðaviðmið stjórnarsýslu verði virt.

Í greinargerð með tillögunni segir að helsta vandamál stjórnarsýslunnar í umgengismálum sé að úrræði sem standi til boða séu afar seinvirk og jafnvel áhrifalítill, m.a. vegna þess að málsmeðferð hjá sýslumanni taki langan tíma. Skjótvirkari úrræði og betri stjórnarsýsla kæmu öllum málsaðilum til góða því að skjótari úrlausn í máli eyði óvissu og bæti öryggi og stöðu allra sem að málinu koma.

MRSÍ styður tillöguna og tekur undir nauðsyn þess bæta skilvirkni og bæta réttarstöðu málsaðila í umgengismálum. Bendir skrifstofan einkum á sérstöðu foreldra og barna af erlendum uppruna. Um árabíl hefur skrifstofan annast lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur og algengt er að til hennar leiti fólk sem, vegna lítillar íslenskukunnáttu, hefur ekki náð að skilja gang mála, t.d. í umgengismálum svo og öðrum sífjamálum. Því hvetur MRSÍ til þess að tryggt verði að þeir málsaðilar sem þess þurfa fái túlkun í umgengismálum og sífjamálum almennt.

Á árinu 2012 unnu MRSÍ og Fjölmenningsásetur rannsókn „Fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna“<sup>1</sup>. Um meginlega rannsókn var að ræða og bentu niðurstöður hennar til þess að lagaumhverfið og sú þjónusta sem stendur foreldum í skilnaðarferli til boða taki ekki nægjanlegt mið af þörfum fólks sem ekki er af íslenskum uppruna.

Í ljósi þessa hvetur MRSÍ til að við texta þingsályktunartillögunnar verði bætt ákvæði um endurskoðun sífjalöggjafar svo tryggja megi foreldrum og börnum af erlendum uppruna jafna stöðu á við íslenska málsaðila þegar að sífjamálum kemur, t.d. með því að löggesta ákvæði um rétt til túlkþjónustu í öllu ferli sífjamála hjá sýslumönnum. Telur MRSÍ slíkan rétt reyndar

---

<sup>1</sup> [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur2012/Fyrirkomulag\\_forsjar\\_barna\\_af\\_erlendum\\_uppruna\\_samanburdarrannsokn.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur2012/Fyrirkomulag_forsjar_barna_af_erlendum_uppruna_samanburdarrannsokn.pdf)



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

felast í ákvæðum stjórnarsýslulaga, m.t.t. rannsóknarreglu, andmælareglu, jafnræðisreglu og upplýsingaskyldu stjórnvalds en þar sem misbrestur er á því að nauðsynleg túlkajónusta sé veitt í öllum tilvikum er þess þarf, færi betur á skýru lagaákvæði þess efnis.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri